



10. fundur stjórnar Aftureldingar 10. okt. 2012

Fundur settur kl. 18:15 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Gylfi Gíslason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

1. Fjármál félagsins.
2. Bréf frá foreldri.
3. Bréf frá blakdeild.
4. Bréf frá fimleikadeild.
5. Tími í sal á föstudögum.
6. Önnur mál

1. Fjármál félagsins. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri fóru yfir heildarstöðu fjármála deilda samkvæmt bókhaldi. Heildarskuldir deilda við aðalstjórn eru nú rúmar 13 milljónir. Fjárhagsleg staða félagsins í heild er ekki góð. Aðalstjórn felur framkvæmdastjóra að ræða við þær deildir sem verst standa og og kynna þeim stöðu sinna deilda. Í framhaldinu verður unnið með deildunum í að gera áætlun um hvernig þær komist út úr þeim fjárhagsvanda sem þær eiga í. Aðalstjórn ræddi fjárhagsáætlanagerð og minnir deildir á að fjárhagsáætlun 2013 á að skila í síðasta lagi þann 15. nóvember.
2. Bréf frá foreldri. Framkvæmdastjóri hefur rætt við fulltrúa þeirra deilda sem kvartað er yfir í bréfi foreldrisins og í því sambandi m.a. minnt á siðareglur félagsins. Málið er enn í vinnslu. Síðari hluti bréfsins fjallaði um greiðslu æfingagjalda elstu iðkenda í einni deilda félagsins. Aðalstjórn félagsins hefur ekki vald til að ákveða upphæðir æfingagjalda eða ívilnanir sem einstakar deildir veita sínum iðkendum og/eða stjórnarfólki nema þær ákvarðanir brjóti í bága við lög eða reglur félagsins. Framkvæmdastjóri mun svara bréfinu formlega.
3. Bréf frá blakdeild. Erindi frá blakdeild barst þar sem farið var fram á fjárhagslegt sjálfstæði deildarinnar. Aðalstjórn telur þá ráðstöfun ekki ráðlega og hafnar beiðninni. Deildinni er hins vegar heimilt að sjá sjálf um útsendinu eign reikninga.
4. Bréf frá fimleikadeild. Bréfið var tekið fyrir. Svar verður sent til fimleikadeildar.
5. Tími í sal á föstudögum. Komið hefur í ljós að mistök voru gerð í útfyllingu tímatöflu varðandi tíma á föstudögum í sal tvö. Æfingatímar fimleika og knattspyrnu rekast á samkvæmt þeirri töflu sem munar 30 mínútum. Aðalstjórn hefur ákveðið að breyta töflunni þannig að hvor deild um sig gefi eftir 15 mínútur af sínum æfingatíma.
6. Önnur mál. Uppskeruhátíð hefur verið flutt til 17. nóvember

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:14. Næsti fundur verður haldinn 24. október kl. 18:15.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir.